

Kirkjuþing 2022-2023.

27. mál - þskj. 27.

## T I L L A G A

**til þingsályktunar um endurskoðun á áformum um sameiningu prestakalla.**

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Sigurði Grétari Sigurðssyni.

Frsm. Sigurður Grétar Sigurðsson.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir því verði beint til biskups Íslands að sameiningaráform prestakalla verði endurskoðuð og ekki verði af frekari sameiningum fyrr en búið er að greina þær sameiningar sem þegar hafa átt sér stað, rýnt í kosti þeirra og galla, og dreginn lærdómur til næstu skrefa í málaflokknum.

Greinagerð.

Hvað vinnst með sameiningu sem ekki er hægt að leysa með samstarfi? Gera allir sér almennt grein fyrir muninum á sameiningu prestakalla og sameiningu sókna? Afar brýnt er að grasrótin sé með í öllu ferlinu en eins og kunnugt er hefur verið erfitt að ræða mörg mikilvæg kirkjumál vegna Covid undanfarin rúm tvö ár. Mikilvægt að skoða betur hvaða undirbúningsvinna þarf að hafa átt sér stað áður en til sameiningar kemur.